

09

Ársskýrsla



FLUGSTOÐIR
ISAVIA






FLUGSTOÐIR
ISAVIA

Helstu lykiltölur

Umferðartölur	2009	2008
Fjöldi farþega á flugvöllum Flugstoða	854.521	964.848
Fjöldi flughreyfinga á flugvöllum Flugstoða	104.366	121.172
Fjöldi flugvéla um íslenska úthafsflugstjórnarsvæðið	101.503	110.366

Rekstrartölur 2009 í m.kr.	Flugstoðir	Flugstoðir Samstæða
Rekstrartekjur	3.954	4.798
Rekstrarkostnaður	-3.896	4.670
Rekstrarniðurstaða	57	128
Fjármunatekjur og -gjöld	13	103
Hagnaður fyrir tekjuskatt	70	231
Tekjuskattur	-15	-46
Hagnaður fyrir áhrif dótturfélaga/minnihluta	56	185
Áhrif dótturfélaga / hlutdeild minnihluta	130	1
Hagnaður ársins	185	185



Skipting rekstrartekna

- Þjónustusamningur vegna framkvæmda
- Þjónustusamningur vegna reksturs
- Aðrar rekstrartekjur
- Tekjur vegna aðþjóföflugþjónustu

Flugstoðir veita þjónustu í lofti og á jörðu niðri

Flugstoðir ohf. hefur síðastliðin þrjú ár haft það hlutverk að reka og byggja upp flugvelli og flugleiðsögubjónustu á Íslandi í samræmi við stefnumótun stjórnvalda í flugsamgöngumálum. Þessi stefnumótun kemur fram í flugmálaáætlun, sem er hluti af samgönguáætlun og í þjónustusamningi fyrirtækisins við samgönguráðuneytið.

Hjá Flugstoðum störfuðu árið 2009 um 230 manns, þar af um 60 á tólf áætlunarflugvöllum utan höfuðborgarsvæðisins. Auk rekstrardeilda hefur fyrirtækið haft með höndum umfangsmikla stoðstarfsemi til að vinna að uppbyggingu flugvalla- og flugleiðsögukerfa og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í hvers konar lögum og reglum um rekstur flugsamgöngukerfisins ekki síst vegna flugöryggis. Lögð hefur verið áhersla á að fyrirtækið hafi jafnan á að skipa hæfu starfslíði með góða menntun, hæfni og starfsreynslu.


Hlutverk Flugstoða

- Annast rekstur og uppbyggingu fjórtán áætlunarflugvalla víðs vegar um landið. Þrjú þeirra, flugvellirnir í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum, eru varaflugvellir fyrir Keflavíkurflugvöll og skilgreindir sem alþjóðlegir flugvellir. Þeir gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja öruggar flugsamgöngur við landið auk þess að vera stærstu áætlunarflugvellir innanlandsflugsins.
- Annast alla flugleiðsöguþjónustu, sem Ísland veitir fyrir alþjóðlegt flug á Norður-Atlantshafi samkvæmt alþjóðlegum samningi á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflugið að undanskilinni þjónustunni á Keflavíkurflugvelli.
- Annast flugumferðarstjórn yfir Grænlandi skv. tvíhliða samningi Danmerkur og Íslands.
- Annast þá stoðstarfsemi, sem nauðsynleg er fyrir rekstur og uppbyggingu flugvalla á landinu og þróun flugleiðsöguþjónustu bæði í alþjóðlegu loftrými og yfir landinu.
- Sinna flugprófunum á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi og annast miðlun flugupplýsinga til flugrekenda einkum með útgáfu Flugmálahandbókar fyrir Ísland (AIP) og með útgáfu upplýsingaskeyta til flugmanna (NOTAM).
- Taka að sér sérverkefni á starfssviði sínu, s.s. á sviði uppbyggingar og reksturs flugvalla og flugleiðsöguþjónustu erlendis.

Gildi Flugstoða



Flugvellar Flugstoða



Áætlunarflugvellar

Reykjavíkur-, Akureyrar-, Egilsstaða-, Vestmannaeyja-/
Bakka-, Ísafjarðar-/Þingeyrar-, Hornafjarðar-,
Sauðárkróks-, Grímseyjar-, Búðardals-, Gjógers-,
Vopnafjarðar- og Þórshafnarflugvöllur.

Aðrir flugvellar og landingarstaðir

Flugbrautir með bundnu slitlagi:

Húsavíkur-, Patreksfjarðar-, Reykjahlíðar-, Rífs-,
Sandkeiðs-, Siglufjarðar- og Stóra-Kroppsflugvöllur.

Flugbrautir með malarslitlagi:

Arngerðareyri, Blönduós, Borgarfjörður
eystri, Breiðdalsvík, Búðardalur, Dagverðará,
Djúpvogur, Fagurhólsmýri, Flúðir, Grímsstaðir,
Herðubreiðarlindir, Hólmavík, Húsafell, Hveravellir,
Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Kópasker,
Krókstáðarmelar, Melgerðismelar, Norðfjörður,
Nýidalur, Raufarhöfn, Reykhólar, Reykjanes,
Skálavatn, Skógarsandur, Sprengrisandur,
Stykkishólmur, Vík og Þórsmörk.

Flugbrautir með grasyfirborði:

Hella og Kaldármelar.



Þróun flugs árið 2009

Flugumferð á íslenska flugstjórnarsvæðinu

Flugumferð um íslenska flugstjórnarsvæðið minnkaði um 8% árið 2009 miðað við árið á undan vegna efnahagslegrar niðursveiflu hér á landi og á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir þennan samdrátt var þetta þriðja besta ár í sögu alþjóðaflugþjónustunnar. Fjöldi flugvéla sem fóru um flugstjórnarsvæðið var 101.503 en árið 2008 fóru 110.366 flugvélar um svæðið. Að jafnaði eru það um 278 flugvélar á dag. Mest varð umferðin í ágúst þegar tæplega 12 þúsund flugvélar flugu um íslenska flugstjórnarsvæðið. Í febrúar og mars fækkaði þeim talsvert eða um 14,8 % og 13,6% á milli ára. Um 24,4% flugumferðarinnar voru flugvélar í flugi til eða frá Íslandi miðað við 27,8% árið áður.

Flughreyfingar á flugvöllum Flugstoða

Á flugvöllum Flugstoða fækkaði áætlunar- og leiguflugi á Íslandi um 17% milli ársins 2008 og 2009. Aftur á móti fækkaði heildarflughreyfingum á árinu um 14%. Flughreyfingum fækkaði mest á Vestmannaeyjaflugvelli eða um 24%, á Egilsstaðaflugvelli um 22%, á Akureyrarflugvelli um 17% og Reykjavíkurlflugvelli um 9%.

Farþegafjöldi í innanlandsflugi

Farþegum sem fóru um flugvelli í umsjón Flugstoða fækkaði um 10,7% úr 912.603 í 815.042. Hver farþegi í innanlandsflugi er talinn tvisvar þ.e. við brottför og komu. Farþegum fjölgaði í Vestmannaeyjum en annars staðar fækkaði. Mest varð fækkunin á Egilsstöðum um 17 %, og á Akureyri um 12%. Farþegum í innanlandsflugi fækkaði í Reykjavík um 11% og fóru 379.957 farþegar um þann flugvöll árið 2009. Fækkunin er fyrst og fremst rakin til niðursveiflu í efnahag landsmanna.

Farþegar í millilandaflugi á flugvöllum Flugstoða

Mikil fjölgun varð á farþegum í millilandaflugi um flugvelli Flugstoða á árunum 2006 og 2007 og voru þeir flestir á árinu 2007 eða 73 þúsund. Það ár fóru tæplega 20 þúsund millilandafarþegar um Egilsstaðaflugvöll og rúmlega 12 þúsund um Akureyrarflugvöll en á síðasta ári fóru einungis um 7 þúsund millilandafarþegar um þessa tvo flugvelli. Skýringin felst einkum í lokum álversframkvæmda á Austurlandi og áföllum í íslensku efnahagslífi síðari hluta ársins 2008, sem gerði það að verkum að ferðum Íslendinga til annarra landa fækkaði stórlega. Á síðasta ári var heildarfjöldi millilandafarþega kominn niður í 38 þúsund farþega og þar af fóru rúmlega 32 þúsund millilandafarþegar um Reykjavíkurlflugvöll sem er 13% fækkun frá fyrra ári.



Framkvæmdir

Stjórnun framkvæmda

Íslenska ríkið er eigandi fasteigna og fasts tækjabúnaðar á þeim flugvöllum sem Flugstoðir reka. Íslenska ríkið greiðir fyrir framkvæmdir, meiriháttar viðhald og kaup á föstum búnaði með tekjum af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi í samræmi við áætlanir flugmálaáætlunar og fjárlög. Flugstoðir annast og bera ábyrgð á þessum framkvæmdum fyrir hönd ríkisins samkvæmt þjónustusamningi. Á árinu 2009 nam kostnaður við framkvæmdir 962 m.kr. en langstærstur hluti hans var vegna flugbrautarframkvæmda á Akureyri.

Framkvæmdir 2009

Framkvæmdir við flugvelli og flugleiðsögubúnað innanlands voru í lágmarki árið 2008 ef frá er talin endurnýjun og lenging flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli. Framkvæmdin hófst árið 2008 en var haldið áfram og lokið sumarið 2009.

Lenging Akureyrarflugvallar

Flugbrautin á Akureyrarflugvelli var lengd úr 2000 í 2400 metra auk þess sem upphaflega flugbrautin var endurnýjuð og ný flugbrautarljós sett upp. Flugbrautin uppfyllir nú tæknilega staðla um form og endaöryggissvæði. Samhliða lengri flugbraut var einnig tekið í notkun nýtt aðflugskerfi með beinu blindaðflugi að flugbrautinni úr suðri og aðflugsljós endurnýjuð.

Framkvæmdin á lengingu flugvallarins gekk mjög vel. Var henni lokið í ágústmánuði og var kostnaður í samræmi við kostnaðaráætlun um verkið. Þar með getur Akureyrarflugvöllur nú takið að sér stærra hlutverk í flugsamgöngum þjóðarinnar. Malbik, sem hefði nægt til að leggja 40 km. af malbikuðum vegi var lagt á flugvöllinn sem og 43 km. af rafmangslínunum sem eru að mestu leyti neðanjarðar. Framkvæmdin á Akureyrarflugvelli var ein af þremur stærstu flugvallarframkvæmdum hér á landi í flugsögunni, næst á eftir endurbyggingu Reykjavíkurlugvallar sem lauk árið 2002, og endurbyggingu flugvallarins á Egilsstöðum sem lauk árið 1993.

Ný kerfi

Nýtt fjarskiptastjórnkerfi

Nýtt fjarskiptastjórnkerfi var tekið í notkun í íslensku flugstjórnarmiðstöðinni í apríl. Um kerfið fara öll talviðskipti flugumferðarstjóra, s.s. samskipti við flugvélar og aðliggjandi flugstjórnarmiðstöðvar. Þetta kerfi kom í stað eldra kerfis sem tekið var í notkun árið 1996 þegar nýja flugstjórnarmiðstöðin var tekin í notkun og var orðið erfitt í viðhaldi. Auk aukinna afkasta og áreiðanleika býður nýja kerfið upp á nýtt notendaviðmót, sem gerir það mun auðveldara í notkun. Þannig hafa t.d. snertiskjár leyst hefðbundin takkaborð af hólmi. Í framtíðinni er stefnt að fjarskiptastjórnkerfið hafi bein samskipti við önnur flugstjórnkerfi Flugstoða. Kerfið, sem nefnist VCS 3020X, er framleitt af austuríska fyrirtækinu Frequentis.

AIRE

Á árinu unnu Flugstoðir að rannsóknarverkefni ásamt Icelandair og Tern Systems. Verkefnið lýtur að því að draga úr útblæstri flugvéla og var styrkt af AIRE (Atlantic Interoperability Initiative to Reduce Emissions) rannsóknaráætluninni sem Evrópusambandið og bandarísk stjórnvöld settu á laggirnar til að leita allra leiða til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda í flugi milli meginlandanna, þ.e. Norður-Ameríku og Evrópu.

Markmið verkefnisins var að athuga hvernig draga megi úr eldsneytisnotkun í flugi um íslenska flugstjórnarsvæðið yfir Norður Atlantshafið með því að beita nýrri kógunar- og eftirlitstækni við flugumferðarstjórn (ADS-B). Helsti áfanginn í verkefninu árið 2009 var að gera margvíslegar hagkvæmnisflugprófanir á flugleið Icelandair milli Keflavíkur og Seattle. Flugprófanirnar miðuðu að því að flugvélin flygi sem næst hagkvæmustu hæð hverju sinni („cruise climb“), farflugshraði var gefinn frjáls („variable speed“) og flugleiðin stýtt með því að fara beinustu leið frá flugvelli að svæðamörkum („direct routing“). Fyrstu niðurstöður lofa góðu en stefnt er að verkefninu ljúki snemma árs 2010.

Færeyjaratsjá

Ný Færeyjaratsjá var tekin í notkun í maí. Uppsetning og innleiðing ratsjárinnar var samstarfsverkefni Naviair og Flugstoða og kemur í stað þeirrar ratsjár sem rekin var af danska flughernum um langt árabíl og flugstjórnarmiðstöðin hafði haft aðgang að frá árinu 1989. Með tilkomu nýju Færeyjaratsjárinnar munu Flugstoðir aftur geta boðið upp á ratsjáraðskilnað flugvéla í suð- austurhluta flugstjórnarsvæðisins líkt og gert var fyrir 1. janúar 2007. Sú þjónusta skilar notendum hagkvæmari flugleiðum og flughæðum sem dregur úr eldsneytiseyðslu.



Flugöryggi

Björgunar- og flugslysaæfingar

Árið 2009 voru haldnar tvær flugslysaæfingar. Voræfing á Þórshafnarflugvelli og haustæfing á Egilsstaðaflugvelli. Æfingarnar voru vel sóttar og voru þátttakendur frá öllum viðbragðsaðilum á svæðunum. Tekið var upp nýtt boðunar- og fjarskiptakerfi með Tetra, sem tryggir beintengingu flugvalla við Neyðarlinuna og Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra. Þar er um að ræða landsþekjandi miðstýrt stafrænt fjarskipta- og upplýsingakerfi. Kerfið biður uppá þann möguleika að tengja saman hluteigandi viðbragðsaðila sem boðaðir eru vegna flugslysa. Tetravæðingin stuðlar að styttri viðbragðstíma og markvissara upplýsingaflæði vegna flugslysavíðbúnaðar á flugvöllum landsins.

Alþjóðlegar björgunaræfingar

Eldgosaæfing

Á hverju ári eru haldnar alþjóðlegar björgunaræfingar þar sem æfð eru samskipti, aðgerðir og verklag milli bandalagsþjóða NATO, á norðaustur Atlantshafi, í Norðursjó og Eystrasalti. Vorið 2009 fór fram slík æfing þar sem um 120 manns frá Íslandi, Noregi og Færeyjum tóku þátt. Flugstoðir fóru með verkstjórn í norðursvæðinu þetta ár og því kom það í hlut Flugstoða að taka að sér skipulagningu og stjórn æfingarinnar. Flugstjórnarsvið Flugstoða hefur í mörg ár verið í fararbroddi við að vekja athygli á áhrifum

eldgosaðsku á flugumferð. Því þótti við hæfi að búa til atburðarás, sem vekja mundi athygli alþjóðlegra björgunaraðila á því sem þeir gætu þurft að takast á við, ef stórgos yrði á Íslandi. Í æfingunni var látið sem gos hefði hafist í Öskju.

Flugvernd og öryggismál

Á árinu 2009 var gengið frá neyðaráætlun vegna flugverndar fyrir Reykjavíkflugvöll og hófst vinna við undirbúning neyðaráætlunar fyrir Akureyrarflugvöll. Fjöldi flugverndarnámskeiðar var haldinn vegna aðgangs að flugvöllum.

Endurmenntun vopnleitarmanna var haldin á millilandaflugvöllum Flugstoða á þessu ári með góðri aðstoð sprengjusérfræðinga Landhelgisgæslunnar og sérsveit Ríkislögreglustjóra. Grunnnámskeið fyrir vopnleitarmenn var haldið í fyrsta skipti á vegum Flugstoða og undir eftirliti Flugmálastjórnar Íslands. Átta nemendur útskrifuðust með góðum árangri.

Á Reykjavíkflugvelli var flugvélahliði á Golf skipt út fyrir geislahlið og hafa þessi breyting haft í för með sér aukið öryggi og þægindi fyrir þá sem þar fara um. Á árinu voru framkvæmdar úttektir, prófanir og verklegar æfingar vegna flugverndarmála á flugvöllum bæði á vegum Flugmálastjórnar og Flugstoða.



Öryggis- og gæðastjórnun

Árið 2009 var haldið áfram innleiðingu á samræmdu öryggis- og gæðastjórnunarkerfi sem tekur til flugleiðsögubjónustu og allra flugvalla í umsjón Flugstoða. Þannig er tryggt að mannvirki, búnaður og hæfni starfsfólks sé í samræmi við íslenskar og alþjóðlegar kröfur og skuldbindingar.

Á árinu fékk fyrirtækið starfsleyfi fyrir flugleiðsöguþjónustuna en rekstur flugvalla hefur verið með starfsleyfi frá 2004. Flugmálastjórn Íslands veitir starfsleyfi og er eftirlitsstjórnvald. Öryggis- og gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins er byggt upp samkvæmt ISO 9001 aðferðum, sem felur m.a. í sér innri úttektir á flugleiðsögu, flugvöllum og stoðdeildum, skýrar verklagsreglur, ábyrgð stjórnenda og ákvarðanatöku í kjölfar áhættumats sem grundvöll fyrir breytingum í þjónustu.

Útgáfa AIP

Upplýsingar um flugmál eru gefnar út sem samþættur flugmálaupplýsingapakki sem samanstendur m.a. af eftirfarandi einingum: Flugmálhandbók (AIP) ásamt uppfærslum og viðbótum (AIP AMDT og AIP SUP), tilkynningum til flugmanna (NOTAM) og upplýsingabréf (AIC). Fimm uppfærslur handbókarinnar voru gefnar út á árinu.

Þjálfunardeild Flugumferðarsviðs

Á árinu 2009 fór fram mikil vinna á vegum flugumferðarsviðs til þess að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í reglugerðum nr.631 og nr. 404 og varða

þjálfun flugumferðarstjóra. Þessar reglugerðir tóku gildi á árinu 2008.

Námskeið sem haldin voru á árinu voru m.a. prófdómaranámskeið, starfsþjálfaranámskeið og nám til Suður/Austur réttinda í flugstjórnarmiðstöðinni. Snemma árs voru valdir sjö nýnemar sem hófu nám til starfsréttinda í Norður/Vestur deild flugstjórnarmiðstöðvarinnar en þetta er fyrsti hópurinn sem lauk grunnnámi í flugumferðarstjórn hjá Flugskóla Íslands. Tveir nemar luku réttindum flugumferðarstjóra í flugturni Reykjavíkur á árinu. Átak var gert í viðbótarþjálfun flugradíómanna í Vestmannaeyjum vegna breytingar á þjónustustigi úr flugumferðarstjórn í flugupplýsingaþjónustu. Í ágúst voru sex nýir starfsmenn ráðnir til Flugstoða og hófu þeir nám í fluggagnafræðum. Í október hófst aðflugsnámskeið í samvinnu við Keflavíkflugvöll ohf. og á því námskeiði voru meðal annars nemar úr fyrsta hópnum sem lauk grunnnámi flugumferðarstjóra hjá Keili. Í desember var m.a. haldið eins dags kynningarnámskeiði fyrir starfsmenn stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar. Eins og endranær var síþjálfun flugumferðarstjóra, fluggagnafræðinga og flugradíómanna fyrirferðarmikill þáttur í starfsemi þjálfunardeildarinnar.

Starfsmanna- og mannauðsmál

Í lok ársins unnu 227 starfsmenn hjá Flugstoðum þar af 161 karlar og 66 konur. Meðalaldur starfsmanna var rúmlega 40 ár. Sí- og endurmenntun hefur verið stór og mikilvægur hluti af starfsemi Flugstoða. Árið 2009 sóttu 30 starfsmenn 27 námskeið og var kostnaðurinn við þau tæpar sex milljónir króna.

Fjármál

Heildartekjur Flugstoða á síðastliðnu ári voru 3.954 milljónir. Rekstrargjöld voru 3.896 milljónir og rekstrarhagnaður af reglulegri starfsemi félagsins því rúmlega 57 milljónir króna. Tapið af rekstri innanlandskerfisins var 97,7 milljónir kr. Afkoman var jákvæð sem nemur 55,8 milljónum króna, sem skýrist af góðri afkomu annarra afkomueininga félagsins einkum Alþjóðaflugþjónustunnar. Hlutdeild félagsins í hagnaði dótturfélaga var 130 milljónir. Hagnaður Flugstoðasamstæðunnar árið 2009 var því 185 milljónir króna.

Heildareignir Flugstoða nema 4.478 milljónir króna og eigið fé 2.437 milljónir króna. Eiginfjárlutfall Flugstoða er því rúmlega 54%. Heildareignir samstæðunnar nema hinsvegar 4.683 milljónum króna og eigið fé samstæðunnar er 2.486 milljónir króna. Eiginfjárlutfall hennar er því rúmlega 53%.

Þjónustusamningur var gerður til eins árs við samgönguráðuneytið fyrir árið 2009. Tekur hann til meginhluta starfsemi fyrirtækisins:

Alþjóðaflugþjónustan

Í Joint Financing samningi við tuttugu og fjögur aðildarríki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) er íslenska ríkið skuldbundið til að veita flugleiðsögu-, fjarskipta- og veðurþjónustu fyrir alþjóðlegt flug. Í daglegu tali nefnist þetta alþjóðaflugþjónustan. Með þjónustusamningnum við samgönguráðuneytið taka Flugstoðir að sér framkvæmd flugleiðsöguþjónustunnar í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins.

Flugleiðsöguþjónusta á innanlandssvæði

Kostnaður við að veita flugleiðsöguþjónustu á innanlandssvæði er greiddur af íslenska ríkinu með endurgjaldi þjónustusamningsins. Engin notendagjöld hafa verið innheimt fyrir flugleiðsöguþjónustu á innanlandssvæðinu til þessa. Bæði innanlandsflug og millilandaflug til og frá landinu njóta flugleiðsöguþjónustu í innanlandssvæðinu.

Rekstur flugvalla

Rekstur þeirra flugvalla og lendingarstaða sem Flugstoðir hafa umsjón með samkvæmt þjónustusamningnum er að langstærstum hluta fjármagnaður með endurgjaldi þjónustusamningsins eða yfir 90%. Upphæðir notendagjalda eru mjög lágar í samanburði við slík gjöld í nágrannalöndunum.

Umsjón með framkvæmdum

Í samgönguáætlun er tilgreind upphæð, sem greidd skal fyrir stjórnun framkvæmda á þeim flugvöllum sem Flugstoðir hafa forræði yfir, sem og umsýsla vegna kaupa og uppsetningar á föstum tækjabúnaði fyrir flugleiðsögu og á flugvöllum.

Endurgjald Flugstoða vegna þjónustusamningsins skiptist í eftirfarandi þætti

Rekstur flugleiðsögu innanlands, flugvalla og útgáfu AIP	1,229.1
Stjórnun framkvæmda	32.0
Samtals þjónustusamningur	1,261.1

Alþjóðleg samskipti

Helstu samskipti Flugstoða á alþjóðlegum vettvangi:

ICAO

(Alþjóðaflugmálastofnunin)

Alþjóðaflugþjónustan er rekin samkvæmt samningi Íslands og tuttugu og fjögurra ríkja, en ICAO annast stjórnun þessa samnings. Flugstoðir annast framkvæmd samningsins í umboði samgönguráðuneytisins og hefur mikil samskipti við ICAO vegna framkvæmdar hans, en auk Flugstoða standa Flugfjarskipti og Veðurstofa Íslands að þessari starfsemi.

Eitt helsta viðfangsefni Flugstoða á árinu var að ganga frá viðamiklum breytingum á samningnum um alþjóðaflugþjónustuna (Joint Financing Agreement), sem unnið hefur verið að um fjögurra ára skeið í náinni samvinnu við ICAO og hagsmunaaðila m.a. Alþjóðasamtök flugfélaga (IATA). Þessar breytingar fela í sér miklar hagsbætur fyrir íslenska ríkið þar sem 5% framlag þess til reksturs alþjóðaflugþjónustunnar var fellt niður frá og með árinu 2009 og allur kostnaðurinn greiddur af notendunum. Jafnframt breytist gjaldkerfi fyrir flugumferðarstjórn þannig, að greitt er fyrir þjónustuna í samræmi við flogna vegalengd inni í alþjóðlega flugstjórnarsvæðinu.

Kostnaðarlækkun íslenska ríkisins vegna þessara breytinga er á bilinu 150 - 200 milljónir kr. á ári. Auk framangreindra breytinga var samþykkt af fastaráði ICAO að ráðast í framkvæmdaverkefni á vegum alþjóðaflugþjónustunnar sem nema um einum og hálfum milljarði króna, þ.m.t. uppbyggingu ADS-B kögunarkerfis á flugstjórnarsvæðinu.

NAT/SPG

(North Atlantic Systems Planning Group)

NAT/SPG er fjölþjóðlegur vettvangur þar sem fjallað er um skipulag og notkun flugleiðsögukerfisins á Norður Atlantshafi. NAT/SPG ber ábyrgð á að fylgjast með heildaröryggi kerfisins og að vinna að lagfæringum og breytingum til að viðhalda flugöryggi á Norður Atlantshafi. NAT/SPG starfar í umboði ríkjanna við Norður Atlantshaf og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO). Framkvæmdastjóri flugumferðarsviðs hefur gegnt formennsku í NAT/SPG frá árinu 1997.



IAA

(Irish Aviation Authority)

Á árinu 2009 var haldið áfram samstarfi Flugfjarskipta og írsku flugmálastjórnarinnar (IAA) um samrekstur fjarskiptastöðvanna í Gufunesi og Ballygirreen. Kerfi þessara stöðva eru nú samtengd og geta þannig unnið sem ein stöð. Alls voru 556.302 skeyti afgreidd í Gufunesi á árinu þar af 18,3% vegna flugvéla á þjónustusvæði IAA, þ.e. Shanwicksvæðinu.

Norræn samvinna um flugvallarekstur

Flugstöðir hafa um margra ára skeið tekið þátt í norrænni samvinnu vegna flugvallareksturs. Árlegur fundur var haldinn í Noregi í september 2009.

NEAP

(North European ANS Provider)

Flugstöðir eru aðili að NEAP, sem er samstarf flugleiðsögufyrirtækja í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi og Írlandi auk Íslands. Jafnframt hefur breska flugstjórnarfélagið NATS nú sótt um aðild. Samtökin mynda ramma um hvers konar samstarfsverkefni einkum vegna Samevrópska loftrýmisins (Single European Sky). NEAP samtökin hafa m.a. hafið vinnu við skipulag Norður-Evrópska loftrýmisins, North European Functional Airspace Block (NEFAB), sem er eitt af helstu viðfangsefnum Samevrópska loftrýmisins og nær yfir flugstjórnarrými allra NEAP ríkjanna.

NORACON

Hlutverk NORACON er að annast þátttöku NEAP í SESAR rannsóknaráætluninni. NEAP fyrirtækin eru öll aðilar að Noracon auk austurríska flugstjórnarfélagins Austrocontrol. NORACON er einn sextán samstarfsaðila að SESAR Joint Undertaking sem er sérstök stofnun, sem Evrópusambandið setti á laggirnar til að annast framkvæmd SESAR áætlunarinnar.

SESAR

SESAR er rannsóknar- og þróunaráætlun ESB, sem hefur sem markmið að þróa nýja kynslóð flugstjórnarkerfa fyrir Evrópu, sem ætlað er að samhæfa flugumferðarstjórn í álfunni, auka afkastagetu og tryggja flugöryggi. Flugstöðir hófu á árinu 2009 þátttöku í SESAR áætluninni undir hatti NORACON með megináherslu á flugumferðarstjórn yfir úthafinu. Gert er ráð fyrir að þessi verkefni standi yfir í a.m.k. sex ár.

NEFAB

NEFAB er verkefni NEAP aðilanna sem lýtur að því að þróa eitt samfellt loftrými, sem nær yfir flugstjórnarrými allra meðlima NEAP. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist á árinu 2009.

CANSO

CANSO eru samtök flugleiðsöguveitenda á heimsvísu. Samtökin, sem eru með aðalstöðvar í Amsterdam, eru málsvari þessara fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi, m.a. hjá ICAO og vinna að stefnumótun fyrir hönd umþjóðenda sinna. Flugstöðir urðu fullgildur aðili að CANSO árið 2007 og taka einkum þátt í starfsemi Evrópudeildar CANSO.



Dótturfyrirtæki Flugstoða

Dótturfyrirtæki Flugstoða eru Flugfjarskipti (GANNET ATS COM) og TERN Systems (Flugkerfi), sem einnig er í eigu Háskóla Íslands.



GANNET
ATS.COM

GANNET

Flugfjarskipti annast fjarskipti við flugumferð yfir Norður-Atlantshafi sem er mikilvægur hluti af alþjóðaflugþjónustu Flugstoða.

Fyrirtækið tryggir örugg og skilvirk samskipti milli flugvéla, flugstjórnarmiðstöðva, flugrekenda, veðurstofa og annarra aðila sem koma að flugsamgöngum. Fjarskiptastöðin í Gufunesi heldur uppi talfjarskiptum við flugvélar yfir hafinu bæði á stuttbylgju og á metrabylgju í náninni samvinnu við fjarskiptastöðina í Ballygireen í Írlandi.

Alls voru 556.302 skeytiskeyti afgreidd í Gufunesstöðinni á árinu 2009, sem er 1,6%.% aukning frá árinu á undan. Þessi aukning stafar einkum af því að Gufunesstöðin hefur tekið að sértalsverða þjónustu á Shanwick svæðinu vegna samstarfsins við Íra. Fjöldi skeyta vegna samstarfsins við IAA var 101.637 og jókst um 33% frá árinu áður og var um 18,3% af heildarskeytafjölda farstöðvaþjónustunnar 2009. Fjöldi skeyta vegna flugvéla í flugstjórnarsvæði Reykjavíkur dróst saman um 3,5%.



Tern Systems

TERN

TERN er þróunarfyrirtæki, sem hefur byggt upp flest hugbúnaðarkerfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík. Hlutverk TERN Systems hefur fyrst og fremst verið að vinna að því að þróa hagkvæm kerfi fyrir flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík sem uppfylla sérþarfir starfseminnar og allar öryggiskröfur.

Stefna TERN er jafnframt að þróa almennar kerfislausnir og veita sveigjanlega þjónustu sem byggir á þróun og reynslu á einu víðfeðmasta og mikilvægasta alþjóðaflugstjórnarsvæði heims.

TERN Systems hefur lagt áherslu á að koma framleiðsluvörum sínum í auknum mæli inn á erlenda markaði einkum í Norður Evrópu. TERN leitar jafnframt tækifæri á uppgangssvæðum um allan heim sem þykja gefa tækifæri til að nýta þekkingu félagsins og lausnir.

Skipurit Flugstoða ohf.



Stjórn og stjórnendur Flugstoða ohf. 2009

Stjórn

Ólafur Sveinsson
stjórnarformaður

Ásgeir Magnússon
varaformaður

Arnbjörg Sveinsdóttir
Hilmar Baldursson
Margrét Kristmannsdóttir

Varamenn

Steindór Haraldsson
Hreinn Pálsson
Áslaug Alfreðsdóttir
Guðný María Jóhannsdóttir
Guðrún Erlingsdóttir

Ritari stjórnar

Anna Dagný Halldórsdóttir

Stjórnendur

Þorgeir Pálsson
forstjóri

Ásgeir Pálsson
framkvæmdastjóri flugumferðarsviðs

Haukur Hauksson
framkvæmdastjóri flugvalla- og leiðsögusviðs

Sigrún Traustadóttir
framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnumunarsviðs



Brandur Guðmundsson
framkvæmdastjóri Flugfjarskipta/GANNET

Magnús Már Þórðarsson
framkvæmdastjóri TERN Systems



Skýrsla stjórnar Flugstoða ohf. til aðalfundar 2009

Almennt

Síðasta ár var erfitt rekstrarár hjá fyrirtækjum í landinu og voru Flugstoðir ohf. ekki þar undanskildar hvað varðar rekstur innanlandsflugsamgöngukerfisins. Þrátt fyrir þessa erfiðleika verður rekstrarniðurstaða ársins að teljast viðunandi. Má rekja það aðgerða sem gripið var til í rekstri félagsins, góðrar afkomu alþjóðaflugþjónustunnar og góðrar frammistöðu starfsmanna við halda utan um rekstur félagsins. Til viðbótar því settu áform og umræður um sameiningu félagsins við Keflavíkflugvöll ohf. mark sitt á rekstur félagsins. Þannig þótti ekki rétt að vera með breytingar á ferlum eða fyrirkomulagi einstakra þátta starfseminnar meðan verið var að móta niðurstöður, því ef af sameiningu yrði var sjálfgefið að skipulag yrði tekið upp og endurskoðað frá grunni.

Viðfangsefni síðasta árs voru mörg hvort heldur að litið er til reksturs innanlandsflugsamgöngukerfisins eða alþjóðaflugþjónustunnar. Það er skoðun stjórnar að áherslur í rekstri félagsins, sem kynntar voru á síðastliðnu ári og snéru fyrst og fremst að aðhaldi, hafi náðst. Jafnframt hafi tekist að verja þessi tvö megin svið í rekstri Flugstoða og þau markmið að vera með öflugt innanlandsflugsamgöngukerfi og að vera í fremstu röð í flugleiðsögupjónustu á Norður – Atlandshafi. Hvort sviðið um sig er samfélaginu mikilvægt og heyrir til mikilvægrar grunngerðar.

Innanlandsflugsamgöngukerfið

Nokkur samdráttur varð í innanlandsflugi frá fyrra ári eins og búist var við. Eitt af stærri viðfangsefnum stjórnar Flugstoða ohf. á síðastliðnu ári, sem hefur verið nefnt áður á þessum vettvangi, er bygging Samgöngumiðstöðvar. Ekkert mál hefur verið jafnoft á dagskrá stjórnar og þetta verkefni, stöðugt hafa verið skoðaðir nýjir möguleikar, breyttar útfærslur, breyttar staðsetningar og mikið hefur verið unnið með skipulagsyfirlöðum í Reykjavík að ná þeim niðurstöðum sem stefnt var að. Niðurstaða er vonandi í sjónmáli og væntingar eru um að framkvæmdir geti hafist fljótlega upp úr næstkomandi áramótum. Það er mjög mikilvægt að bæta aðstöðu farþega í innanlandsflugi og samþætta starfsemi samgöngubera á einum stað og vonandi hyllir undir slíka lausn. Þetta samstarf við skipulagsyfirlöð og skoðun á valkostum, ásamt breytingum stærð og legu hefur verið kostnaðarsamt og í ársreikningum félagsins er 40

milljón króna kostnaður vegna þessa verkefnis.

Ánægjulegur áfangi náðist í ágúst mánuði þegar lokið var við lengingu flugbrautar á Akureyri.

Í stjórn var mikil umræða um gjaldskrá félagsins og gjaldtöku í innanlandsflugsamgöngukerfinu en hækkunarir hafa ekki fylgt verðlagi í meira en áratug. Uppistaðan í gjaldtöku er í formi skatta, sem skilar sér því ekki beint til fyrirtækisins heldur í gegnum þjónustusamning við ríkið. Það er skoðun stjórnar að færa þurfi gjaldtöku frá því að vera í formi skatta til þess að vera gjöld fyrirtækisins, sem byggð eru á kostnaðargrunni og eru uppfærð í samræmi við þróun kostnaðar. Notandinn greiði sanngjarnt gjald fyrir þá þjónustu sem hann fær. Verði þetta niðurstaðan, má búast við að gjöld hækki eitthvað og ný gjöld verði tekin upp, t.d. flugleiðsögugjöld innanlands, en kostnaðarmeðvitund bæði þjónustukaupandans og þjónustuveitandans vex. Á móti ættu bein framlög úr ríkissjóði að lækka.

Enginn vafi er á mikilvægi flugsins sem atvinnugrein fyrir þjóðfélagið. Innanlandsflugsamgöngukerfið er mikilvægur og órjúfanlegur hlekkur í þeirri keðju sem atvinnugreinin er. Þetta á við bæði vegna uppbyggingar innan greinarinnar, t.d. uppeldis og þjálfunar flugmanna og annarra starfsmanna og sem hluti af tengslum landsins við útlönd. Það er því mikilvægt að horfa til þessara hlutverka og hafa framtíðarhagsmuni atvinnugreinarinnar að leiðarljósi.

Alþjóðaflugþjónustan

Stefna félagsins í rekstri Alþjóðaflugþjónustunnar hefur verið skýr, að vera tæknilega í fremstu röð við að veita þjónustu í flugleiðsögu á hafinu með öryggi í fyrirrúmi með eins hagkvæmum hætti og mögulegt er. Vaxandi kröfur notenda um lækkun kostnaðar og auknar kröfur vegna umhverfismála eru tækifæri fyrir þjónustuveitendur eins og Alþjóðaflugþjónustuna á komandi árum. Til að mæta þessum kröfum hefur verið lögð áhersla á aukin rannsóknar- og þróunarverkefni á þessu sviðum og að mati stjórnar hefur náðst umtalsverður árangur í því að efla það starf innan félagsins verulega og mun forstjóri gera fundinum nánari grein fyrir því.

Stjórn félagsins ákvað að fá erlendan aðila breskt ráðgjafafyrirtæki, Helios, til að skoða skipulag, verkferla og fyrirkomulag tæknimála hjá félaginu

einkum á sviði flugleiðsögu. Niðurstöðum var skilað um mitt ár. Þær sýndu að þörf væri á breytingum og voru settir fram valkostir í þeim efnum. Vegna fyrirhugaðrar sameiningar var tekin ákvörðun að aðhafast ekkert að svo komnu máli. Niðurstöðurnar og tilögurnar eru hins vegar innlegg inn í nýtt félag og framtíðina.

Breytingar urðu á gjaldtöku í flugstjórnarsvæðinu um síðastliðin áramót, sem fela í sér að aðeins þeir sem fljúga inn í flugstjórnarsvæðið greiða fyrir flugumferðarstjórn á svæðinu. Þó náðist sá árangur að breytingarnar munu taka gildi á þremur árum sem var mjög jákvæð niðurstaða fyrir þá aðila sem urðu fyrir neikvæðustu áhrifunum af þessari breytingum, t.d. íslenskum flugrekstraraðilum. Íslenska ríkið var hins vegar leyst undan þeirri kvöð að greiða 5% alls rekstrarkosntaðar eins og það hafði gert um áratuga skeið.

Nokkur samdráttur varð í flugi í flugstjórnarsvæðinu á síðasta ári eins og almennt gerðist á Norður-Atlantshafi vegna efnahagsástandsins. Breytt fyrirkomulag gjaldtöku er hins vegar áskorun til félagsins um virkari „markaðssetningu“ á þjónustu sinni til viðskiptavini sína, til samræmis við það sem aðrir þjónustuveitendur eru farnir að gera.

Rekstur og efnahagur síðastliðins árs

Heildartekjur Flugstoða ohf. á síðastliðnu ári voru 3.954 milljónir króna, rekstrargjöld voru 3.896 milljónir króna og rekstarhagnaður rúmlega 57 milljónir króna. Afkoma fyrir áhrif dótturfélaga var um 56 milljónir króna og hlutdeild félagsins í hagnaði dótturfélaga var tæplega 130 milljónir króna. Meginhluti af hagnaði dótturfélaga kemur frá rekstri Flugfjarskipta. Rekstrarniðurstaða Flugstoða árið 2009 er því hagnaður upp á 186 milljónir króna. Niðurstaða efnahagsreiknings félagsins er 4.478 milljónir króna og eigið fé félagsins 2.578 milljónir króna. Niðurstaða reikninga endurspelgar farsælan rekstur á síðastliðnu ári. Á síðasta aðalfundi var gerð grein fyrir niðurskurði þjónustusamnings vegna efnahagsástands, á miðju síðasta ári var var boðuð viðbótarskerðing á samningi upp á tæplega 103 millj. króna og síðan 121 milljón kr. til viðbótar á samningi yfirstandandi árs. Þessar upphæðir bættust við 170 milljón króna halla innanlangssamgöngukerfisins í fjárhagsáætlun. Í ljósi þróunar þessara stærða og þess að mjög erfitt er að sjá hvernig hægt er að draga saman í kerfinu nema með víðtækri skerðingu á þjónustu er endurskoðun á gjaldtöku og uppbyggingu gjaldkerfisins lífsnauðsynleg.

Framtíðin

Alþingi samþykkti í lok desember lög um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkflugvallar og skyldi þessum samruna verða lokið fyrir 1. maí. Með samþykki þessara laga var ljóst að tímamót væru framundan hjá félaginu, vegna þess að lögin kváðu jafnframt á um að slíta ætti félögum sem renna átti saman. Einnig lá fyrir að flugvellir landsins yrðu reknir af einu félagi og einn og sami aðili hefði forræði yfir flugvöllum landsins. Þetta eru ekki eingöngu tímamót hjá þessum félögum heldur einnig í samgöngusögu landsins.

Allir sem að þessum málum hafa unnið lýstu yfir ánægju með þessa niðurstöðu og í henni felast vonandi mikil tækifæri og það er mat stjórnar að um fá mál hefur ríkt jafn mikill einhugur eins og um ágæti þessarar aðgerðar, óháð síðan því hvernig hún hittir hvern og einn, enda er það annað mál.

Að lokum

Þessi aðalfundur Flugstoða er nr. 4 í röðinni og jafnframt sá síðasti. Það er von stjórnar að framlag Flugstoða til flugmála hafi verið jákvætt og að breytingin sem gerð var 1. janúar 2007 hafi verið heillaríkt skref og jákvætt innlegg í þróun atvinnugreinarinnar.

Starfsemi félagsins var farsæl á þeim tíma sem félagið var starfrækt, bæði í fjárhagslegu og félagslegum skilningi þrátt fyrir mikil umrót í rekstrarumhverfi og síbreytilegar og auknar kröfur. Þennan árangur á félagið fyrst og fremst öflugum starfsfólki að þakka og í ljósi þeirra tímamóta sem nú eru framundan og ljóst er að einhverjir starfmanna munu hverfa af vettvangi og aðrir munu snúa sér að öðrum verkefnum innan félagsins er þeim þakkað og óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Ólafur Sveinsson, formaður stjórnar Flugstoða ohf.

Skýrsla forstjóra Flugstoða ohf.

Inngangur

Þriðja og síðasta starfsári Flugstoða er lokið og framundan er sameining við starfsemi Keflavíkurflugvallar í nýju sameinuðu fyrirtæki. Margt hefur áunnist á árinu. Segja má að á síðasta ári hafi starfsemin verið komin í nokkuð mótaðan farveg eftir tveggja ára uppbyggingu hins nýja félags Flugstoða. Á árinu 2009 var því hægt að fara að sinna ýmsum uppbyggingarverkefnum, sem höfðu setið á hakanum. Verulegur árangur náðist á árinu með tilliti til þeirra níu markmiða, sem sett voru fram á aðalfundi félagsins árið 2009, þótt margt sé enn ógert.

Fjárhagsleg afkoma

Fjárhagsleg afkoma móðurfélagsins á árinu 2009 var jákvæð, þ.e.a.s. hún var réttu megin við núllið. Þetta verður að teljast mjög vel viðunandi í ljósi þeirrar efnahagkreppu, sem skall á í október 2008 og hefur þrengt að öllum atvinnurekstri hér á landi. Áhrif kreppunnar á rekstur Flugstoða hafa fyrst og fremst komið fram í lækkun á framlagi ríkisins til reksturs innanlandsflugsamgöngukerfisins, sem enn stendur að langstærstu leyti undir kostnaðinum við rekstur þessa kerfis. Í heild var þessi niðurskurður um 20% af kostnaði við að standa undir rekstri þessarar afkomueiningar, sem er mjög lágur í samanburði við rekstur sams konar þjónustu og innviða á Norðurlöndunum.

Þessi lækkun framlagsins kallaði á mikinn niðurskurð á kostnaði vegna reksturs flugvallar og búnaðar þeirra á árinu auk þess sem farið var í hagræðingaraðgerðir í öllum stoðdeildum. Um var að ræða samstillt átaksverkefni, sem hafði að markmiði að lækka kostnað um ca. 130 m.kr.. Þetta átak fólst í að draga úr yfirvinnu, endurskipuleggja starfsemina, ráða ekki í störf sem losnuðu og skera niður allan kostnað hverju nafni sem hann nefndist. Jafnframt var dregið nokkuð úr þjónustu, m.a. með því að stytta þjónustutíma á flugvöllum og koma upp flugupplýsingaþjónustu á Vestmannaeyjaflugvelli í stað flugumferðarstjórnar. Eiga starfsmenn Flugstoða miklar þakkir skildar fyrir góða frammistöðu í að ná þessum árangri á mjög skömmum tíma. Verst er að skerða þurfti möguleika starfsmanna til að afla sér frekari þekkingar og hvers konar endurnýjun á búnaði vegna innanlandskerfisins var skotið á frest.

Fjárhagur alþjóðaflugþjónustunnar var með allt öðrum hætti, því hér er raunverulega um

útflutningsatvinnugrein að ræða. Tilkostnaður og gjaldtaka þessarar mikilvægu rekstrareiningar eru í raun metin í erlendri mynt. Ljóst er að kostnaður í erlendri mynt lækkaði verulega vegna lágs gengis íslensku krónunnar. Afkoma þessa hluta starfseminnar, sem nam um 60% af heildarveltu Flugstoða á árinu 2009, var því mjög góð og skilaði hún ágætum hagnaði. Eins var rekstur dótturfélagsins Flugfjarskipta ohf. mjög blómlegur, en hann er sem kunnugt er hluti af alþjóðaflugþjónustunni. Þetta ræður mestu um hve góð afkoma samstæðunnar var á árinu 2009.

Aðrar afkomueiningar voru ekki afgerandi í rekstri fyrirtækisins á árinu. Verkefninu í Kósóvó, sem verið hafði umsvifamikil starfsemi um fimm ára skeið, var lokið á árinu 2008 og því aðeins um lokauppgjör að ræða á árinu 2009. Ljóst er að afar mikilvægt væri að koma af stað fleiri verkefnum af þessu tagi. Flugstoðir tóku reyndar að sér úttekkt á flugvöllum í Mosambique fyrir dönsku þróunarstofnunina og flugvöllur í Bangladesh fylgdi í kjölfarið. Mjög vel tókst til um þessa framkvæmd, sem gefur fyrirheit um fleiri slík verkefni.

Fjármagnstekjur voru enn verulegar á árinu. Eins og margoft hefur verið bent á er þó ekki á vísan að róa í þessum efnum því Flugstoðir eru eðli málsins samkvæmt á stundum vörsluaðilar að verulegum fjárhæðum fyrir alþjóðaflugþjónustuna. Hins vegar snýst þetta dæmi við, þegar tekjur af flugumferðinni standa ekki undir kostnaði ársins. Í því tilviki verður fyrirtækið að leggja til nauðsynlega fjármuni til að brúa bilið án þess að nokkrir vextir komi á móti. Jafnframt er mikilvægt að gera sér grein fyrir að slíkar fjármagnstekjur eru allar til komnar vegna alþjóðaflugþjónustunnar. Tilflutningur þessara tekna ásamt hagnaði af alþjóðaflugþjónustunni til annarra afkomueiningar, þ.e. innanlandskerfisins, kunna ekki góðri lukku að stýra þegar litið er til lengri tíma. Slíkt er reyndar í allgerri andstöðu við reglur og samþykktir Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

Flugsamgöngukerfið innanlands

Nokkur samdráttur varð í innanlandsflugi á árinu eða um 11,4 %. Farþegar á flugvöllum Flugstoða voru álíka margir og árið 2005. Miðað við aðstæður í efnahagslífi þjóðarinnar má segja að þetta sé þrátt fyrir allt ekki slæm niðurstaða og hún sýnir hve flugið er snar þáttur í gangverki þjóðfélagsins. Staðreyndin er nefnilega sú, að þótt margir flugfarþegar fljúgi á

milli landshluta vegna starfa sinna er einnig mikið um að einstaklingar ferðist með innanlandsfluginu á eigin kostnað. Þá er einnig ljóst af rannsóknum að það eru ekki síður höfuðborgarbúar en landsbyggðamenn sem nýta sér innanlandsflugið.

Af þessu má ráða að þörfin fyrir góðar flugsamgöngur innanlands eru síst að minnka. Miklu fremur eru þær mikilvægar þáttur í að tengja fjarlægari þéttbýliskjarna við höfuðborgarsvæðið og gera landið þannig að einu viðskipta- og atvinnusvæði. Því er brýnt að treysta stöðirnar undir rekstri og uppbyggingu flugsamgöngukerfisins innanlands með því að koma fjárhag þess í viðunandi horf. Starfsemi, sem er rekin með fjárhagslegum halla ár eftir ár á enga framtíð fyrir sér í núverandi rekstrarumhverfi. Þetta hafa frændur okkar á Norðurlöndum séð fyrir löngu og gert viðeigandi ráðstafanir. Staðreyndin er að tilkostnaðurinn við rekstur flugvallakerfisins hér á landi er í algeru lágmarki. Samanburður við nágrannalöndin leiðir þetta glögg í ljós.

Á síðastliðnu ári var lokið við lengingu og endurgerð flugbrautarinnar á Akureyrarflugvelli ásamt endurnýjun á aðflugskerfum. Sú framkvæmd þótti takast afar vel bæði hvað varðar tæknilega útfærslu og fjárhagslega niðurstöðu. Þeir sem báru ábyrgð á þessari stóru framkvæmd eiga þakkar skildar. Verður spennandi að fylgjast með því hvernig þessi nýja mannvirki munu nýtast í framtíðinni ekki síst nýja aðflugið úr suðri. Þótt framkvæmdir við flugvelli og flugleiðsögukerfi landsins verði nú í sögulegu lágmarki um nokkra hríð vegna efnahagsástandsins er mikilvægt að nota tímann vel til að gera vandaðar áætlanir um hvernig staðið skuli að verki þegar kemur betri tíð með blóm í haga.

Alþjóðaflugþjónustan

Rekstur alþjóðaflugþjónustunnar gekk mjög vel á árinu. Nokkur samdráttur varð á flugi yfir Norður-Atlantshafið eins og búist hafði verið við. Þannig fóru um 8% færri flugvélar í gegnum flugstjórnarsvæði Íslands. Heildarfjöldinn varð þó um 102 þús. flugvélar, en það var ekki fyrr en árið 2007 sem þessi tala hafði náð 100 þús. markinu. Árið var því 3ja besta árið frá upphafi hvað varðar flugumferð á eftir árunum 2008 og 2007. Vandamál þeirra aðila, sem veita flugleiðsöguþjónustu er hins vegar, að gjöldin eru ákveðin út frá fyrirfram áætluðum fjölda flugvéla á árinu. Þetta hefur í för með sér að tekjur verða ekki eins miklar og skyldi, ef umferðin er minni en spáð hafði verið. Nokkuð vantaði því upp á að tekjur dygðu fyrir kostnaði á árinu 2009. Hin vegar var meira en nægt vörslufé alþjóðaflugþjónustunnar til staðar til að

taka slakann. Leiðrétting á tekjum næst svo fram árið 2011 í samræmi við "cost-recovery" aðferðina.

Miklar tæknilegar framfarir urðu á árinu eins og oftast áður. Nýtt og fullkomið fjarskiptastjórnkerfi var tekið í notkun í flugstjórnarmiðstöðinni og var það mikill léttir. Gamla kerfið var orðið þrettán ára gamalt og ekki á sumar setjandi. En til þess kom ekki því nýja kerfið var tekið í notkun í apríl vorið 2009. Ýmsar aðrar viðbætur við flugstjórnarkerfið voru teknar í notkun s.s. Færeyjaratsjain. Þá hefur á undanförunum árum verið unnið að því að gera kerfislægur breytingar á gagnfjarskiptarásum Flugstoða og Flugfjarskipta. Þessar breytingar hafa haft í för með sér að kostnaður hefur lækkað verulega auk þess sem áreiðanleiki og öryggi hefur aukist.

Á árinu 2009 voru mjög mörg ný verkefni samþykkt af ICAO ráðinu vegna þróunar flugleiðsögukerfis alþjóðaflugþjónustunnar og hafa þau aldrei orðið fleiri. Þannig var samþykkt uppbygging ADS-B stöðvanets til að mynda samfellt kögunarkerfi frá Evrópu til Kanada. Þá var fjórði áfangi í uppbyggingu flugstjórnarkerfis flugstjórnarmiðstöðvarinnar samþykktur auk þróunar og reksturs Oceanic Test Bed og þátttaka alþjóðaflugþjónustunnar í að koma upp og reka nýju stuttbylgjufjarskiptastöðina að Bessastöðum á Heggstaðanesi svo það helsta sé nefnt. Heildarfjárfestingin í þessum verkefnum er um 1,5 milljarðar kr. og hafa umfangsmeiri verkefni aldrei fyrr verið samþykkt af fastaráði ICAO á einu ári. Alls eru nú í vinnslu þróunarverkefni fyrir upphæð sem nemur um 2 milljörðum kr.. eru þá ótalin SESAR rannsóknarverkefni, sem Flugstoðir hafa tekist á hendur og nema 600 m.kr. á komandi átta árum.

Síðast en ekki síst skal hér nefna þann árangur, sem náðist á árinu þegar breytingar á Joint Financing samningnum voru að lokum samþykktar af aðildarríkjum samningsins og jafnframt að þær skyldu taka gildi frá og með 1. janúar 2009. Unnið hafði verið að þessum breytingum af hálfu Flugstoða um fjögurra ára skeið og mörg ljón orðið á veginum vegna mismunandi skoðana hinna ýmsu hagsmunaaðila. Með góðri samvinnu við ICAO Joint Financing Section og danska flugleiðsögufélagið, Naviair, tókst að lokum að greiða úr öllum ágreiningsatriðum og tryggja samþykki aðildarríkjanna. Eitt helsta hagsmunamál íslenska ríkisins er að nú greiða notendurnir kostnað við þjónustuna að fullu. Fram til þessa tíma hafði ríkissjóður hinsvegar greitt 5% af þessum kostnaði. Fjárhagslegt uppgjör á samningnum við þessi tímamót var Flugstoðum einnig gríðarlega hagstætt. Meðal annars fengust leiðréttingar á tekjum 17 ár aftur

í tímann, sem einar og sér námu um 72 m.kr. og verða þessir fjármunir notaðir til að efla rannsóknir og þekkingaöflun á sviði flugleiðsögu.

Með breytingunni á samningnum um alþjóðflugþjónustuna tókst að skapa nýjan og sterkan grunn fyrir áframhaldandi rekstri þessarar alþjóðlegu starfsemi með aðkomu Alþjóðflugmálastofnunarinnar (ICAO). Bent hefur verið á að Íslendingar gætu sem best tekið að sér þessa þjónustu án beinnar aðildar ICAO og er það óumdeilt. Hins vegar má ekki gleyma að þessi alþjóðlega stofnun Sameinuðu þjóðanna og ríkin sem standa að Joint Financing samningnum er mikill og sterkur bakhjarl, sem ekki má vanmeta. Þessi bakhjarl hefur reynst mikilvægur við að halda uppi og fjármagna rekstur og framkvæmdir alþjóðflugþjónustunnar í núverandi efnahagsástandi.

Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf Flugstoða óx hröðum skrefum á árinu. Ekki hvað síst var það á vettvangi NEAP eða North European Air Navigation Providers. Umsvif þessara samtaka, sem eru til komin upp úr gamla Norðurlandasamstarfinu, tóku á sig nýja mynd með stofnun sérstakrar skrifstofu, Project Office og ráðningu fyrsta starfsmannsins á árinu. Þá fóru ýmis verkefni af stað á vegum NEAP, sem munu skipta flugleiðsöguþjónustuna miklu máli, þegar fram líða stundir. Sérstaklega er þar átt við skipulag loftrýmisins samkvæmt reglugerðum Evrópusambandsins um Samevrópska loftrýmið (SEL) og SESAR rannsóknaráætlunina, sem ætlað er að þróa nýtt flugstjórnarkerfi fyrir Evrópu. Á síðastliðnu ári skuldbundu Flugstoðir sig til að taka þátt í SESAR verkefnum undir hatti NORACON sem er eitt afsprengi NEAP. NORACON var sett á laggirnar eingöngu til að sinna SESAR verkefnum og er aðili að SESAR Joint Undertaking sem annast útfærslu áætlunarinnar af hálfu ESB. Flugstoðir og nú hið nýja sameinaða fyrirtæki munu leggja a.m.k. 18 manna vinnu í þetta verkefni á næstu sex til sjö árum.

Samantekt

Þótt nokkur samdráttur hafi orðið í umferð á íslenskum flugvöllum og í flugstjórnarrýminu er engin ástæða til að líta svartsýnum augum til framtíðarinnar. Þrátt fyrir allt var flugumferð og fjöldi flugfarþega á síðastliðnu ári um það bil hin sömu og árið 2006 sem þótti mjög gott ár. Það mun kannski taka einhver tvö til þrjú ár þar til umferðin nær aftur fyrri hæðum. Hins vegar er starfsemi Flugstoða í góðri stöðu til að taka slíkum tímabundnum samdrætti. Fyrirtækið er alls ekki ofmannað og getur því auðveldlega dregið úr afköstum

með því að minnka yfirvinnu. Slíkir tímar gefa einnig ráðrúm til að sinna uppbyggingarverkefnum, sem ekki hefur verið unnt að ráðast í á árum mikilla umsvifa. Þá eru gríðarlega mörg og spennandi verkefni framundan á vegum alþjóðflugþjónustunnar, sem hafa þegar verið samþykkt og verið er að hrinda í framkvæmd.

Nauðsynlegt er að jafnframt sé hægt að sinna slíkum uppbyggingarverkefnum vegna innanlandskerfisins. Þar er margt ógert og nægir að nefna áhættumat fyrir íslenska flugvelli, fjárhagslegan samanburð á uppbyggingu og rekstri flugvalla og beitingu nýjustu aðferða við aðflug og fráflug við flugvelli landsins. Þá má af gefnu tilefni nefna athuganir og rannsóknir á áhrifum eldgosa á flug bæði innanlands og milli landa. Þar er að finna gott dæmi um að rannsóknir og þekking skipti öllu máli við ákvarðanatöku.

Að öllu samanlögðu er því ástæða til bjartsýni um framtíð íslenskra flugmála. Íslensk flugfélög hafa staðið sig ótrúlega vel á þessum tímum efnahagslegra þrenginga. Það er hlutverk Flugstoða og nú hins nýja fyrirtækis að sjá til þess að allir innviðir flugsamgöngukerfisins séu í góðu lagi og séu reknir af hagsýni og útsjónarsemi. Þar hefur náðst mikill árangur á undanförunum árum og áratugum og allar forsendur til þess að ná enn meiri árangri í framtíðinni. Hins vegar er mikilvægt að átta sig á því að ekki má herða svo ólina fjárhagslega að að ekki sé unnt að uppfylla alþjóðlegar kröfur um flugöryggi og gæði þjónustunnar.

Ég vil ljúka orðum mínum með því að færa stjórnarformanni og stjórninni allri þakki fyrir gott samstarf sem hefur verið með miklum ágætum. Samhugur starfsmanna Flugstoða hefur verið mikill, eins og fram hefur komið bæði í starfi og félagslífi, sem hefur verið afar öflugt innan vébanda starfmannafélags Flugstoða og Flugfjarskipta. Það er fyrst og fremst starfsmönnum að þakka hve vel hefur til tekist í rekstri Flugstoða á árinu 2009. Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að óska sameinuðu fyrirtæki, sem nú tekur við hlutverki Flugstoða og Keflavíkurflugvallar mikillar velgengni á komandi árum.

Þorgeir Pálsson, forstjóri Flugstoða ohf.

Yfirlit fyrir ársreikninga Flugstoða ohf.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	21
Áritun endurskoðenda	22
Rekstrarreikningur	23
Efnahagsreikningur	24
Sjóðstreymi	26
Skýringar	27

Flugstoðir ohf. - samstæða

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	33
Áritun endurskoðenda	34
Rekstrarreikningur	35
Efnahagsreikningur	36
Sjóðstreymi	38
Skýringar	39

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

